



Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2020

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um að fordæma meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum. Þingskjal 109 – 109. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um að fordæma meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum.

Barnaheill hafa fengið ofangreint mál til umsagnar og þakka fyrir það.

Barnaheill styðja tillöguna heilshugar um að Alþingi álykti að fordæma ólöglega og ómannúðlega meðferð bandarískra stjórnvalda á flóttabörnum og fjölskyldum þeirra við landamæri Bandaríkjanna og feli ríkisstjórninni að beita sér fyrir því á alþjóðavettvangi að sundrun fjölskyldna í leit að alþjóðlegri vernd verði hætt þegar í stað.

Meðferð sú sem bandarísk stjórnvöld beita flóttabörn, eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er án efa brot gegn mannréttindum viðkomandi barna og ætti að stöðva umsvifalaust og bæta börnunum skaðann með öllum tiltækum leiðum.

Reglur Barnasáttmálans eiga að vernda börn gegn slíkri illri meðferð að vera aðskilin frá foreldrum sínum án lagaheimildar og viðeigandi málsmeðferðar skv. barnaverndarlögum. Bandaríkin hafa ekki fullgilt Barnasáttmálann þó þau hafi undirritað hann. Þó má ætla að reglur Barnasáttmálans gildi sem alþjóðlegar meginreglur vegna mikillar útbreiðslu hans og fjölda ríkja sem hafa fullgilt hann, og séu þar með lagalega bindandi gagnvart bandarískum stjórnvöldum.

Í öllu falli eru Bandaríkin aðilar að öðrum mannréttindasamningum, m.a. samningi Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og ómannúðlegri meðferð. Sá samningur er þverbrotinn af bandarískum stjórnvöldum með slíkri illri meðferð á börnum sem viðgengst við landamæri Bandaríkjanna að Mexíkó.

Barnaheill hvetja Alþingi til að samþykkja ofangreinda þingsályktunartillögu og gera að auki allt sem í valdi þess stendur að koma flóttabörnum við landamæri Bandaríkjanna og Mexíkó til bjargar.

Barnaheill vinna að bættum réttindum barna um allan heim og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.